

## Niðurstöður aðalfundar Regins hf.

Aðalfundur Regins hf. var haldinn 21. apríl 2015 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

### 1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2014.

### 2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2014:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2015, en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

### 3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Aðalfundur samþykkti fram lagða starfskjarastefnu fyrir félagið sem er óbreytt frá fyrra ári.

### 4. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Aðalfundur samþykkti tillögu Gildis lífeyrissjóðs um kaup á eigin hlutum. Um efni tillögu vísast til breytingatillögu frá Gildi lífeyrissjóði dags. 7. apríl 2015 sem finna má á heimasíðu félagsins [www.reginn.is/fjarfestar](http://www.reginn.is/fjarfestar)

### 5. Breyting á samþykktum félagsins.

Aðalfundur samþykkti breytingu á samþykktum félagsins. Um efni breytinga vísast til breytingatillögu frá Gildi lífeyrissjóði dags. 7. apríl 2015 sem finna má á heimasíðu félagsins [www.reginn.is/fjarfestar](http://www.reginn.is/fjarfestar)

### 6. Kosning félagsstjórnar:

Eftir niðurstöðu margfeldiskosningar var ljóst að kjörin stjórn uppfyllti ekki skilyrði laga um kynjahlutfall. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu dró Jón Steindór Valdimarsson framboð sitt til stjórnar til baka.

Nýkjörin aðalstjórn Regins hf. er því skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Albert Þór Jónsson, fjárfestir, Cand. Oecon, MCF  
Benedikt K. Kristjánsson, sölu og þjónustufulltrúi  
Bryndís Hrafnkelsdóttir, viðskiptafræðingur, Cand. Oecon.  
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, lögmaður og MBA.  
Tómas Kristjánsson, viðskiptafræðingur, Cand. Oecon/MBA

Eftirtaldir voru sjálfkjörnir í varastjórn:

Finnur Reyr Stefánsson, hagfræðingur og MBA  
Hjördís D. Vilhjálmsdóttir, hagfræðingur

### 7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörð endurskoðunarfyrtæki félagsins.

### 8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti óbreytta þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar frá síðasta ári.